

# **KINKI**

**Skemmtikraftur að sunnan**

**Upplýsandi dagskrá fyrir úthverfalið  
og aðra sveitamenn**

**eftir**

**Benóný Ægisson**

**LÝÐVELDISLEIKHÚSIÐ 2008**

## KINKI

Eru ekki allir í stuði?

Gott kvöld. Velkomin á kertaljósakonsert Kinkís. Dagskráin í kvöld verður helguð ástinni. Ástin ástin ástin. Þegar kemur að ástinni er Kinkí ykkar maður. Fyrsta lagið sem ég ætla að leika er helgað hreinustu og tærustu ást sem fyrirfinnst – móðurástinni. Engin elskar þig eins og mamma. Engin. Bara svo það sé á hreinu. Mamma þetta er fyrir þig. Take it away Kinkí.

G hm G  
 Ég skal mála allan heiminn elsku mamma,  
 E am  
 eintómt sólskin, bjart og jafnt.  
 Am7 D7  
 Þó að dimmi að með daga kald og skamma,  
 am D7 G D7  
 dagar þínir verða ljósir allir samt.  
 G hm G  
 Litlu blómin, sem þig langar til að kaupa,  
 E am  
 skal ég lita hér á teikniblaðið mitt.  
 C F# G E  
 Ég skal mála allan heiminn elsku mamma,  
 am D7 G  
 svo alltaf skíni sól í húsið þitt...

Já, ykkur langar örugglega til að vita meira um mig. Kinkir Geir heiti ég Ólafsson. Já.. það var.. Elsku mamma. Hún elsaði Dodda skiljiði. Dodda í Leikfangalandi. Jahá. Nú sjást ykkar saurugu hugsanir. Nú sést á ykkur hverjir eru að vafra á vafasömum síðum á netinu. Ég þoli ekki svona subbuskap, þetta er nú einusinni móðir mín. Ég er ekki að tala um Diddu í Leikfangalandi heldur Dodda í Leikfangalandi. Hann átti vin sem hét Eyrnastór. Það er auðséð að það eru margir hér inni úr úthverfunum og fáir sem hafa lesið bók. (Það er auðséð að það er engu logið um menningarástandið út á landi, fáir hér inni sem hafa lesið bók) En semsé hún móðir mín elskuleg vildi að ég héti eftir Dodda. Það glatast svo margt í þýðingum. Doddi heitir nefnilega Noddy á ensku því hann er svona dúkka með lausan haus og er alltaf að kinka kolli. Nod sjáiði til, Noddy – Doddi, Noddy – Doddi. Það rímar skiljiði?

En pabbi. hann varð alveg brjálaður. “Það á að vera á íslensku, og það á að vera nákvæmt”. Skiljiði? Þessvegna heiti ég ekki Doddi heldur Kinkir. “Kinkir - sá sem kinkar kolli.” Það er mikil ógæfa að eiga föður sem er í mannanafnanefnd. Svo heiti ég Geir líka, Kinkir Geir, Kinkir Geir Ólafsson. Algjör segull fyrir eineltarana. Það varð auðvitað Kinkí Gaur Lófason. Engin furða að maður þjáist af áfallastreituproskaröskunarblöskrun eða ÁSPRB. En maður afneitar ekki nafninu sínu og mér hefur aldrei dottið í hug að fella það niður. Ég meina.. hver vill heita Geir Ólafsson?

Pabbi minn var mikill fræðimaður og vissi bókstaflega allt. Og hafði líka skoðun á öllu. “Þú ættir að verða trúður Kinkir Geir því þú hefur útlitið með þér. Og svo ertu auðvitað algjört fífl. Hahahahaha.”

Þetta fannst ykkur skemmtilegt. Ég kannast við týpuna.

Og til að fyrirbyggja allan misskilning þá er faðir minn ekki Ólafur Ragnar Grímson. Þið skuluð ekki trúá öllum kjaftasögum sem þið heyrið. Pabbi minn hét Ólafur Agnar Grímsson alveg þangað til hann fór í aðgerðina í Thailandi og varð Svala Lind

Ég er eiginlega fræðimaður líka. Pabbi var allur í mannanöfnunum skiljiði en ég er eiginlega meira svona í örnefnunum. Örnefni eru stórmerkileg. Ég meina Ingólfur sá reykt í víkinni og vikin varð Reykjavík. Hafiði einhvern tíma fattað Ingólf? Styttuna á Arnarhóli. Sko þarna stendur gæinn í stafni skipsins í hringabrynjunni sinni ha, úti á miðju Atlantsahafinu, duh, ég meina er einhver hér inni sem hefur reynt að synda í hringabrynju? Hvílíkur hálfviti. Nú jæja, mig langar til að segja ykkur örnefnasögu af öðrum landnámsmanni sem bjó líka í Reykjavík. Hann hét Hlemmur og var ekki alveg eins frægur og Ingófur en bjó samt í 101.

Hlemmur landnámsmaður sigldi frá Noregi og þegar hann nálgast land fleygði hann öndvegissúlum sínum fyrir borð með því fororði að þar skyldi hann nema land sem þær ræki að landi. Braut hann síðan skip sitt á köldum eyðisandi. Lögðu þeir af stað fótgangandi að leita öndvegissúlanna. Komu þeir að á einni mikilli og ákvað Hlemmur að á þar ásamt ám sínum og áhangendum. Kveiktu þeir elda og suðu öl. Hlemmur landnámsmaður varð glaður mjög og vildi dansa en í dansinum hrasaði hann og féll á eldinn og kviknaði við það í brókum hans aftanverðum. Hljóp Hlemmur þá í ána og slökknaði við það eldurinn. Síðan heitir áin Þjósá þar sem Hlemmur landnámsmaður slökkti í þjó sínum.

En ekki má gleyma ástinni. Mig langar til að syngja fyrir ykkur.. Já ég bið forláts, auðvitað skilja ekki allir orðið þjór, það eru ekki svo margir fræðimenn úti á landi eða í úthverfunum. Þjór þýðir bakhluti eða rass. Mig langar til að syngja fyrir ykkur eitt fallegasta ástarljóð sem nokkurn tíma hefur verið samið.. Ég átti einu sinni kærustu. Hún var lygin og ómerkileg, frek, leiðinleg og nautheimsk og hélt framhjá mér eins og henni væri borgað fyrir það.. Ja það var víst oft tilfellið. Og svo stakk hún mig af með besta vini mínum. En hún hafði ógeðslega flottan rass. Gjörðið svo vel dömur mínar eitt innihaldsríkasta ástarljóð veraldar.

G am  
I'd like to thank the guy  
C  
Who wrote the song  
F  
That made my baby  
G  
Fall in love with me  
  
C  
Who put the bomp  
am  
in the bomp bah bomp bah bomp  
F  
Who put the ram

G

In the rama lama ding dong

C

Who put the bop

am

In the bop shoo bop shoo bop?

F

Who put the dip

G

in the dip da dip da dip?

C                    am

Who was that man?

C                    F

I'd like to shake his hand

C

He made my baby

F            G            C    G7

Fall in love with me (yeah!!)

C                    am

When my baby heard

F

"Bomp bah bomp

G

Bah bomp bah bomp bomp bah bomp"

C                    am                    G

Every word went right into her heart

Mér dettur í hug önnur saga um Hlemm landnámsmann. Hún er ansi góð:

Hlemmur landnámsmaður var þreyttur og vegmóður og þunnur eftir gleðina við Þjórsá. Hann var með leiðindi við samferðamenn sína og heimtaði að sér yrði borið öl. Samferðamenn hans reyndu að leiða hann hjá sér. Síðla dags komu þeir að miklu vatnsfalli og enn heimtaði Hlemmur öl. Hugðu félagar hans gott til glóðarinnar að henda gaman að Hlemmi því gruggugur litur árinna minnti á öl. Þeir tóku horn hans og fylltu af vatni og báru honum. Hlemmur landnámsmaður svalg stórum en er hann hafði tæmt hornið frussaðist allt vatnið aftur út úr honum. Varð honum þá að orði: "Öl, fuss! Öl, fuss! Öl, fuss!". Síðan heitir áin Ölfusá þar sem Hlemmur landnámsmaður fúlstaði við vatninu.

Þetta er ágætt vatn en ekki eins gott og það sem er í 101. Ég bý í 101. En þið hafið auðvitað verið búin að fatta það. Þar býr allt flottasta fólk á Íslandi. Það er eiginlega eini staðurinn á Íslandi sem er nógu erlendis fyrir heimsborgara eins og Kinkí. Hálfvitarnir búa í úthverfunum. Og svo er það liðið úti á landi.. best að segja sem minnst um það. En það er gaman að vera herna á X, ógeðslega eitthvað vel hönnuð fjöllin ykkar og svoleiðis. Þið megið ekki taka þessu sem fordómum, svona er þetta bara.

Sko við sem búum í 101 erum nefnilega alveg ógeðslega víðsýn og fordómalaus. Mér er eiginleg vel við alla. Nema kannski ljótt fólk. Mér finnst að það ætti að halda sig

heima hjá sér. Af tillitssemi við aðra. Fólki verður að vinna fyrir því að maður hafi ekki fordóma gegn því. Ég hef td ekkert á móti hömmum þó mér sé illa við að snúa í þá baki. En svona sexí menn eins og Kinkí eiga heldur ekki að vera að freista manna sem ráða ekki við kynhvötina í sér. Mér finnst lesbíur líka alveg ókei - ef það eru bara ljótu kerlingarnar sem lenda í því. Eins og þið heyrið er ég er alveg fordómalaus og svona erum við í 101. Ógeðslega víðsýn. Og berum ógeðslega mikla ást í brjósti.. Sem minnir mig á kærustuna mína.. Fyrirverandi.. Hún var reyndar utan af landi þó hún væri með flottan rass. Þetta er nú eitthvað sem Kári klári ætti að þæla í. Reyna að rannsaka eitthvað sem skiptir máli til tilbreytingar.

Það er kannski of mikið sagt að allir séu fordómalausir í 101. Það eru nefnilega tvær stéttir í 101. Það eru annars vegar fólk eins og Kinkí sem hefur eiginlega bara alltaf búið þar og svo eru það hinir sem búa þar tímabundið. Þetta er lið úr úthverfunum sem býr í miðbænum yfir fengitímamann, kemur sér upp viðhengi og flytur svo aftur í úthverfin. Á þessum þremur mánuðum sem þau búa í 101 fara þau í fjórtan viðtöl við Séd og heyr og lýsa því yfir að þau séu orðin algjörar miðbæjarrottur. “Já ég er bara orðinn algjör miðbæjarrotta”. Það er bara einn munur á þeim og Kinkí: Kinkí er ekki rotta

101 er miðstöð fjármálaráðsins. 101. Er þetta ekki hljómfagurt orð? Hvarvetna í miðbænum má sjá snyrtilega menn í dýrum jakkafötum með sojalatte í bauk í hendi og handan við Arnarhólinn finn ég fyrir návist leiðtoga lífs míns. Einusinni sá ég bíl með skyggðum rúðum aka frá Seðlabankanum, ég er viss um að hann var í honum og veifaði á móti. Það var nánast eins og trúarleg upplifun. Við höfum báðir þungar áhyggjur af efnahagsmálanum. Ég meina.. hvernig er hægt að halda hjólum atvinnulífsins gangandi ef menn eiga ekki lengur fyrir bensíni á einkaþoturnar sínar. Allir þessir góðu menn sem eru búnir að vera að gera það gott í útrásinni. Ég hef bara miklar áhyggjur af þeim. Ég ætla bara að vona að það verði tekið vel á móti þeim þegar þeir mæta á Féló

gm dm A dmD7  
 Dollarinn og Dow Jones eru tilfinnanlega til tjóns  
 gm dm A dm  
 Nasdaq er komið langt niðrí rassgat  
 gm dm A dmD7  
 FTSE eins og strútsegg fúlt  
 gm dm A dm  
 Úrvalsvísitalan stefnir norður og niður

Kór:  
 dm A A7 dm  
 Niður niður aldrei stundarfriður  
 A A7 dm dm  
 seljum - nú stefnir allt norður og niður

Hvað er fólk alltaf að öfundast út í þá ríku? Það er ekkert þeim að kenna að þið hafið ekki efni á að fá ykkur nautasteik og rauðvín í hádeginu. Það er ekkert þeim að kenna þó þið hafið ekki efni á Hummer og séuð á bömmur. Það er ekkert þeim að kenna að þið voruð svo miklir asnar að kaupa hlutabréf í Íslenskri erfðagreiningu

G        em        am        D

Afi sagði við þabba minn og settann á sitt hné:  
Sonur, ekkert er göfugara en að græða fé  
í viðskiptum er regla númer eitt og tvö og þrjú  
að sá sem að þú dítar við sé meira fífl en þú

Svo þabbi stóð í fjörunni með litla ljóskerið  
og leiddi allar skúturnar uppá blindskerið  
þabbi minn var traustur og ávallt verk sín vann  
og þeir sem sigldí strand þeir voru meira fífl en hann

Kór: C            D7        C            D7  
Þeir eigað fá allramest sem besta hafa lyst  
C        D7                    G        C  
af list svo geta aðrir á þeim rassinn kysst

Verðbréf eru veröld mín - ég kaupi þau og sel  
vissulega hægt að segjað kjaftur hæfi skel  
og tilveran er ekkert minnen æðisleg  
því alltaf finn ég einhvern sem er meira fífl en ég

Afog þabbi báðir rosa rognir eraf mér  
það rekur margt á fjörur mínar eins og vera ber  
En ég ber enga ábyrgð ef allt fer á versta veg  
varla mér að kenna ef til er meira fífl en ég

Kór: C            D7        C            D7  
Þeir eigað fá allramest sem besta hafa lyst  
C        D7                    G        C  
af list svo geta aðrir á þeim rassinn kysst  
Esp: G C G C G D G

Meirafíflskeningin er undirstaða allra kauphallarviðskipta og gengur út á það að alltaf sé hægt að finna meira fífl til að kaupa vonlausu hlutabréfin sem þú glæptist til að kaupa. Eins og þið heyrðið þá er Kinkí dálítið sleipur hagfræðingur.

Það er gamalt viðkvæði að enginn geti orðið ríkur á Íslandi nema að hafa stolið öllu steini léttara. Þetta er bara ekki alveg rétt. Það má alls ekki gleyma þeim sem díla dópi og ná sér í kapítal til að fjárfesta í löglegum bissetur það er að segja þeir sem ekki þurftu að yfirgefa svæðið með hraði.

am                    dm  
Himinblátt er á Havaí  
E                    am  
hafið og gott að kafa í því  
am                    dm  
Ég sit með glas með safa í  
E                    am  
og sötra af ákaf'úr því

Þegar ég er að djúsa bús  
 syng ég þennan havæblús  
 þó aurinn skríð á mér eins og lús  
 er far mitt sokkið með manni og mús

Ómældu magn af amfetamí-  
 ni ég þrykkti (þá) þarman í  
 setti svo gömlu garman í  
 sorpið og fékk mér armaní

Því er ég hér á Havaí  
 við haf sem ég nenn ekkjað kafa í  
 Ég sit með glas með safa í  
 og sorgirnar þungar sem blý

Eins og þið vitið þá er á algengt í rími í íslenskum sveitasöngvum. Hver man ekki eftir þessum snilldarlegu ljóðlínum: Hátíðarinnar þá sem þú ert kominn á þá fyrstu sinnar tegundar hér á landi á. Í þessu lagi var reynt að gera það sama fyrir í.

Einu sinni reri Hlemmur landnámsmaður til fiskjar. Hann veiddi þá skötu eina mikla og hugði gott til glóðarinnar að færa konu sinni slíkt búsílag. En þegar hann var á leiðinni heim með skötuna á bakinu varð honum brátt í brók og brá sér á bakvið næsta stein. Skötuna góðu skildi hann eftir og á meðan hann tefldi við páfann kom minkur og stal henni. Síðan heitir þar Hverfiskata þar sem Hlemmi landnámsmanni hvarf skata hans.

Eins og þið heyrið þá elskaði Hlemmur landnámsmaður konuna sína. Vitiði hver er munurinn á körlum og konum? Hann liggur í mismunandi notkun á rassgati. Hann liggur í því að vera mikið rassgat! “O hann er svo mikið rassgat”. Karlmennt myndu aldrei segja það. Við myndum ekki þora það. Ef við kölluðum börn mikil rassgöt á Barnalandsvefnum eins og konur gera oft þá yrðum við líklega lokaðir inni. En eitt er að vera rassgat og annað að vera mikið rassgat. Það er nú svo stórt að það ætti bara að eiga við um helstu ráðamenn þjóðarinnar? Hann er svo mikið rassgat hann herra Ólafur. Hann herra Ólafur er mesta rassgat sem Ísland hefur alið

Ég ber mikla virðingu fyrir stjórnámálamönnum. Þess vegna er ég á móti því að taka upp evru því þá þurfum við að leggja niður Seðlabankann. Hvað eigum við þá að gera við stjórnámálamenn sem við þurfum að losna við? Þeir þurfa að fá sín starfslok eins og aðrir og það er ekki gott fyrir sálarlíf þeirra ef allir bara hætta að hlýða þeim.

Haldiði að það sé ekki hugglegt að eyða síðustu æviárunum í að segja:

Hækka stýrivexti!

Jawohl mein Fuhrer!

Hækka stýrivexti ennþá meira!

Jawohl mein Fuhrer!

Hækka stýrivexti svo ógeðslega mikið að enginn geti staðið undir þeim

Jawohl mein Fuhrer!

Og þó þessar stýrivaxtahækkanir hafi ekkert að segja fyrir efnahaginn þá virkar þetta eiginlega eins og meðferð fyrir þá. Eiga þessir menn sem hafa unnið eigingjarnt starf í þágu almennings og fórnað sér fyrir þjóðina ekki allt gott skilið af okkur?

Stjórnsýslan er í 101. Eins og allt sem skiptir einhverju máli. Barirnir, spilavítin, skyndibitastaðirnir og svona mætti lengi telja. Það eina sem við höfum ekki eru álver en við höfum leyft landsbyggðapakkinu að fá þau svo það drepist nú ekki úr aumingjaskap. Hjarta mitt slær fyrir þá sem elska málstað sinn svo mikið að þeir vilja berjast fyrir honum á Alþingi eða í Ráðhúsinu. Gallinn við listamenn nú á dögum er hvað þeir hugsa smátt. Þeir eru ekki að yrkja hátimbruð ljóð um virkjanir og framfarir eins og Einar Benediktsson gerði. Hvar eru ljóðin um Kárahnjúkavirkjun? Það er kominn tími til að skáldin yrki um athafnaskáldin og að þeir sem ráða fái list sem endurspeglar raunveruleikann og ekkert fjallagrasakjafaði og þar ætla Kinkí að leggja sitt að mörkum. Og þar komum við aftur að ástinni – hinni háleitu, hreinu og göfugu ást á málstaðnum skiljiði.

am / dm am /  
 Álver deyfa efnahagssveiflur  
 em / G am / am  
 álver eru hagstærð góð  
 am / dm am /  
 álver eru eins og kvóti  
 em / G am / am  
 álver greiða aðstöðugjöld  
 / G C / dm am /  
 álver leysa allan vanda  
 / G C / dm E / E  
 álver halda landi í byggð  
 am / dm am /  
 álver nota orku græna  
 em / G am / am  
 álver eru umhverfisvæn

Hvar eru baráttuljóðin? Herkvaðningin fyrir friðargæsluna? Hvatningarsöngvarnir. Þó Kinkí sé meinilla við að fara út úr 101 þá gæti hann alveg hugsað sér að fórna sér fyrir friðinn. Í smátíma kannski. Djöfull væri kallinn eitthvað flottur í breyttum jeppa úti í eyðimörkinni, alveg bara þungvopnaður nýkominn af hraðnámskeiði í meðferð skotvopna í Noregi. Za. Alveg bara læsens tú kill skiljiði. Alveg bara za brunandi um eyðimörkina með speglasólgleraugun za í bol árituðum za: Djúpur skítur skeður.

dm am dm dm  
 Ég er prumhænsn og hálfviti  
 dm am F F  
 prumhænsn og hálfviti  
 em am G dm  
 þráað fáað færa fórn  
 am F dm dm  
 fyrir mína ríkisstjórn

Ég er prumhænsn og hálfviti  
 prumhænsn og hálfviti  
 Ég lenti í trobúl í tjikken strít  
 tepptist þar í djúpum skít



Ég er prumphænsn og hálfviti  
 prumphænsn og hálfviti  
 Í kjúklingastræti í kúlnahríð  
 ég keypti teppi ergjog gríð

Ég er prumphænsn og hálfviti  
 prumphænsn og hálfviti  
 ég þráað fá að farí stríð  
 því fylgir alltaf gósentíð  
                   dm                  am  dm  dm  
 því ég er prumphænsn og hálfviti

Einusinni sem oftar reri Hlemmur landnámsmaður til fiskjar. Hann veiddi þá skötu eina, ljóta. Á leiðinni heim með skötuna varð honum brátt í brók en minnugur fyrri ófara brá hann sér ekki bakvið stein í þetta sinn heldur lagði hann skötuna við fætur sér og hafði ekki af henni augun á meðan hann skeit. Varð honum þá að orði: "Aldrei hef ég séð jafn ljótan fisk. Eigi mun ég færa kerlu minni slíka grettiskötu". Skildi hann síðan skötuna eftir og hélt heim á leið en upp frá því var staðurinn nefndur Grettiskata.

Am  Dm  F  E  
 Vertu hjá mér, Dísa, meðan kvöldsins klukkur hringja,  
           Am                  C7          G                  C          E7  
 og kaldir stormar næða um skóg og eyðisand;  
           Am  E  A7          Dm                  F  Dm  
 þá skal ég okkur bæði yfir djúpið dökka syn...gja  
 Am  Dm  Am  E  Am  
 heim í dalinn, þar sem ég ætla að byggja og nema land.

Am  Dm  F  E  
 Kysstu mig...kysstu mig. Þú þekkir dalinn, Dísa,  
                   Am                  C7          G                  C  E7  
 þar sem dvergar búa í steinum, og vofur læðast hljótt  
           Am  E  A7          Dm                  F  Dm  
 og hörpusláttur berst yfir hjarn og bláa ís.....a,  
           Am          Dm          Am  E  Am  
 og huldufólkið dansar um stjörnubjarta nótt.

Am  Dm  F  E  
 Og meðan bómin anga og sorgir okkar sofa,  
           Am          C7          G                  C  E7  
 er sælt að vera fátækur, elsku Dísa mín...

Við getum ekki allar verið ríkar tíkur eins og Páll Óskar, Björgólfur Thor og Jón Ásgeir. Kinkí er til dæmis oft blankur þó hann heiti tveimur nöfnum eins og þeir en hann er alltaf ríkur af ást. Það liggja mörg brostin hjörtu í vegkantinum þar sem hann hefur farið um hraðbraut ástarinnar. Það er mörg ógæfan í fátæktinni en þó sjálfsagt engin verri en að missa sprúttalann sinn.

dm C F dm  
 Veiga á sextán sem seld okkur sprútt  
 C A dm dm  
 situr nú við hið gullna hlið  
 dm C F dm  
 hún mun aldrei frammar kall okkur krútt  
 C A dm dm  
 eða kalldjöfla eftir því hvað átti við

Í brjóstunum kraumar nú söknuður sár  
 syrgjum við hana sem er ekki meir  
 Eitt eilífðar smáblóm með titrandi tár  
 sem tilbiður guð sinn örsjaldan og deyr

D7 G7  
 Í kvöld við ætlum að kveðjetta fljóð  
 C7 /F A7  
 í kvöld verður engum varpað á dyr  
 D7 G7  
 Í kvöld er allt frítt og kreditin góð  
 C7 /F A7  
 kverkarnar vætum sem aldregi fyrr

dm C F dm  
 Sigga – hún dansar á dauðs manns skóm  
 C A dm dm  
 dró þá af líki við Laugaveg  
 (Segir) Lífið er eftirsókn í hismi og hjóm  
 en heilsan er þakka bara bærileg

Og Dóra er kominn í dansstuð að vonum  
 djöfulóð æðir um salinn og hlær  
 Alli að grufla í annarra konum  
 og Arngrímur einhenti trommuna slær

D7 G7  
 Nú látum við af öllum leiða og sorgum  
 C7 /F A7  
 í ljúfsárum tryllingi orgum á torgum  
 D7 G7  
 Í kvöld er allt ókeypis enginn vill borgun  
 C7 /F A7  
 Við drekkum í nótt og deyjum á morgun

Lífið er eins og boðhlaup og maður verður að vera viðbúinn því að taka við keflinu annars missir maður af því. Það þýðir ekkert að vera í svona Smáralindarstellingu því þá veit maður aldrei hvar keflið lendir og það gæti orðið mjög erfitt að hlaupa ef það lendir á röngum stað. Lífið er boðhlaup. Já, lífið er boðhlaup.. og bílastæði. Bílastæði eru heilög jörð í 101 og það er barist um þau. Og þó við séum víðsýn með hjartað fullt af ást þá er heilagt stríð á milli okkar æðiliðsins og úthverfaskrílsins sem treður sínum

dreifbýklisdruslum hvar sem hann kemur þeim fyrir. Þegar Kinkí kemur heim úttaugaður eftir að hafa hætt sér út úr 101 til að sinna brýnum erindum og þráir ekkert heitara en öryggi áttaganna þá fær hann bara ekkert andskotans stæði. En við munum berjast við skrílinn á bílastæðunum! Við munum berjast við hann á gangstéttunum! Við munum berjast við hann í bakgördunum! Við munum senda skrílinn öfugan aftur í úthverfin með rispað boddí, brotnar rúður og afsnúna hliðarspegla. Við munum berjast fyrir borgina sem við elskum.

Em G+ Em  
Ó, borg mín borg, ég lofa ljóst þín stræti  
Am B7 Em C7 B7  
þín lágu hús og allt sem fyrir ber.  
Em G+ Em  
Og þótt svo tárið oft minn vanga væti  
Am B7 Em  
er von mín einatt, einatt bundin þér.  
B7 Em  
Og hversu sem að aðrir í þig narta,  
Am B7 C7 B7  
þig eðla borg sem forðum prýddir mig.  
Em G+ Em  
Svo blítt, svo blítt sem barnsins unga hjarta  
Am B7 Em  
er brjóst mitt fullt af minningum um þig.

Úthverfin eru undarlegir staðir. Þar má ekki halda bari og úthverflarnir verða að fara í bæinn þegar þeir vilja vera óður skríll. Um helgar vöðum við glerbrot, hland, skít og ælu úr þessu liði upp í hné. Það er ekki létt að vera æðislegur við þau skilyrði. Þegar úthverflarnir koma í bæinn þá er það bara bílastæði eða dauði eða eins og segir í kvæðinu: Gæinn fór í bæinn við úrsvalan æginn um daginn fann ekkert stæði (tók æði) og yfirgaf svæðið í bræði. Það er sagt að miðbærinn er að deyja vegna skorts á bílastæðum. En vandamálið er ekki bílastæðaskortur heldur dreifbýlisdruslurnar.

Já dreifbýlisdruslurnar silast í eilífri bílalest niður Laugaveginn og undrandi andlit úr úthverfunum stara á Kinkí einan á gangi með gasgrímuna sína. Þegar maður situr í bílnum sínum þá er maður ósýnilegur. Þessvegna getur maður borað í nefið á rauðu ljósi. Það sér mann nefnilega enginn. Þessvegna getur maður glápt á fólkið á götunni. Það getur ekki séð mann. Maður er ósýnilegur.

C Am Dm G  
Stúlkan mín á heima vestur í Högum  
C C7 F A  
hún er í búð við Laugaveg.  
Dm Fm  
Miðdepill í ótal ástarsögum  
C G C  
enginn veit það betur en ég.

Dm G7 C Am  
 Baby-doll hún selur og nælonsokka  
 Dm G7 C  
 og sjálf um nætur klæðist því.  
 A A7 Dm Fm  
 Í rauðu hári hefur hún hvíta lokka  
 C G C  
 og hún er sæt í bikiní.

C Am Dm G  
 Mig dreymir hennar þýða yndisþokka,  
 C C7  
 þegar ég er háttaður.  
 Dm Fm  
 Hún er óræð eins og myndirnar á Mokka  
 C G C  
 svo maður verður gáttaður.  
 Dm G7 C Am  
 Með fagursveigða vör sem Venusboga  
 Dm G C  
 og vöxturinn er ú la, la, la.  
 A A7 Dm Fm  
 Sem götuvatnar grænu augun loga  
 C G C  
 og göngulagið cha, cha, cha.

Ég er oft að velta því fyrir mér hvernig þetta fólk úr úthverfunum sem keyrir Laugaveginna lítur í raun og veru út. Ég meina, kemur það ekki út úr bílunum af því það er svo ljótt? Er það fótalaust eða fatlað eða hvað er í gangi? Það keyrir bara hring eftir hring og glápir í búðarglugga eða á mig eða hvað veit ég. Er það kannski svona feimið við æðislega liðið sem býr í 101? Kinkí og Egil Ólafsson, Ágústu Evu og Lalla Djóns svo þau helstu séu nefnd. Kannski er það eins gott að það kemur ekki út, eitthvað fótalaust lið í flíspeysum.. Það er afar hrollvekjandi tilhugsun skal ég segja ykkur.

Vitiði hvað ég er að gleypa stelpur? Viagra. Ég á nóg af því. Kannski ég fái mér aðra. Nei höfum það þrjár. Mig langar til að benda ykkur á það dömur mínar að ef þið viljið þiggja heimboð hjá Kinkí þá á hann jólasveinabúning. Það má ekki eyða þessum litlu sætu pillum til einskis. Þetta er rándýrt á netinu Þið getið verið í jólasveinabúningnum ef þið viljið það frekar. Ég get verið jólakötturinn, ég á hann í latexi. Grrrrrr.

D A  
 ef þú situr aleinn heima  
 hm F#m  
 ekkert gott í sjónvarpinu  
 D A  
 ef makinn er að gera þig galinn  
 hm F#m  
 geristu leiður á karpinu

G            A  
 eðef þú ert leiður lúinn  
 hm                            E  
 langar samt ekkinní hátt  
 D                            A  
 komdu þá við á kjötmarkaðnum  
 hm                            F#m  
 og kræktu þér í feitan drátt

sérta fráskilinn frábitinn kvöðum  
 sem fylgja hjónabandinu  
 en náttúran kallar þú neyðist að gera  
 nokkuð til bóta ástandinu  
 þig langar bara hvað sem það kostar  
 að kanna einhvern hátt og lágt  
 komdu þá við á kjötmarkaðnum  
 og kræktu þér í feitan drátt

ef þú átt engan elskhugí bænum  
 engin númer að hringja í  
 eða þá ef enginn svarar  
 afbrýðin kraumar hjartanu í  
 enginn ætlast til að komir  
 einlífið kvelur þig ansi grátt  
 komdu þá við á kjötmarkaðnum  
 og kræktu þér í feitan drátt

Lúðar allra landa sameinast núna um að fara til Íslands til að komast yfir  
 kvenmannsbelg. Málið er bara að þó þeir séu komnir í Bangkok norðursins þá halda  
 þeir áfram að vera lúðar. Það er nefnilega alþjóðlegt ástand. Greyin enda uppá hóteli  
 yfir klámrásinni sem vinstri grænir hafa ekki enn komist yfir að banna.

F                            F7            A#            G  
 Ég verð alveg kyrr, og ég vinn ekkert fyrr,  
 C7                            F  
 en kærastan kemur til mín.

F  
 Ég fer ekki framar á sjóinn,  
 C  
 ég fæst ei við söng eða grín,  
 F                            F7            A#  
 og sama hver spyr, ég segi ekkert fyrr,  
 C7                            F  
 en kærastan kemur til mín.

F  
 Æ, komdu nú kæra til mín,  
 C  
 ég kemst ekki á fætur án þín.



reynir að þagga  
niður í röddunum  
í andskotans pöddunum  
sem umkringja hana  
ætlað ráðenni bana  
Ritalín-Ragga það er hvergi skjól  
Ritalín-Ragga ætlar þú.. að dansa næstu jól?

Ritalín-Ragga - Ritalín-Ragga  
Hvað varð um Dagga?  
Hann má ekki hvíla  
er úti að dýla  
Ritalín Ragga ertað rakna við?  
Er einhver kominn til að sækja þig?  
Bíðurðeftir fari yfir ána Styx?  
Ragga er lífið eintóm bið og svo næsta fix?

Ritalín Ragga - Ritalín Ragga  
ekkert má hagga  
ró þinni Ragga  
Þig varðar hvorkjum trú eða pólitík  
En hvað kostar það að vera svona ung og rík  
og ef til vill hlotnast þér upphefð slík  
að verða landsins allra allra yngsta og fallegasta lík

Það er ekki létt að vera skemmtikraftur. Sérstaklega ekki ef maður er að sunnan. Úr 101. Fjarri áttögunum eins og hrópandinn í eyðimörkinni. Maður er að fórna sér til að reyna að breyta vonlausu menningarástandi en langar alltaf ógeðslega mikið aftur heim í áttagana. En eins og þið vitið þá er Kinkí alveg ógeðslega víðsýnn og fordómalaus og alltaf með hjartað fullt af ást og vill í kærleika miðla fólki af visku sinni. Ég er svo fordómalaus að sumir vinir mínir eru meira að segja utan af landi. Já ég skammast mín ekki fyrir að segja það: Ég elska fólk á landsbyggðinni. Sérstaklega kvenfólk. Sérstaklega ef það er með flottan rass. Það hefur ekki farið framhjá vökulu auga Kinkís að það eru margir flottir rassar á svæðinu í kvöld. Dömur mínar, næsta lag er tileinkað ykkur.

Am  
Besti vinur bak við fjöllin háu,  
E  
blærinn flytur mín kveðjuorð til þín,  
E7  
hvíslar í eyru ljúfu ljóði smáu,  
Am  
löng er biðin uns kemur þú til mín.

Manstu ekki sumar kvöldin sælu,  
A7 Dm  
er við sátum og átum berjalyng  
Am  
og hlýddum undurhljóð á hörpu minnar óð





/dm7 F7/  
 og flýta sér að gá  
 /C7 fm/  
 að sprautunálum og smökkum  
 /G7 C7/  
 áður en börnin fará stjá  
 Kór:  
 /C7 fm/ /C7 fm/  
 því á sunnudögum er stemming engu lík  
 /C7 fm/ G7 C/  
 í hverfinu mínu hundrað og einum downtown reykjavík

vofa glaums og gleði  
 læðist strætín um  
 tóm dós undan öli  
 verður fyrir fætinum  
 lítil stúlka kemur út um dyr  
 og gengur beint á mig  
 með leifarnar af gærdeginum  
 hangandi við sig  
 Kór: því á..

loftpressan hún leikur ekkí dag  
 sín ljúflingslög  
 og lítið er um undirleik  
 á lipra steypusög  
 bílarnir að byrja að kíkja  
 í búðargluggana  
 og hugrökk lítil sól tekst á við  
 langa skuggana  
 Kór: því á..

Jæja góðir gestir þetta var síðasta lagið í kvöld...  
 Þú hefur mjög áhugavert útlit.. já það jaðrar við að þú sért fögur  
 Kemurðu oft hingað?  
 Engin ástæða til að koma sér upp nýrri pikkupplínu meðan sú gamla virkar  
 Er þetta maðurinn þinn?  
 Nú, varstu full?  
 Ég spyr nú bara því það er stofnað til 90% sambanda á Íslandi í ölaði. Hin tíu  
 prósentin verða til á Vogu  
 Og ætlarðu heim með honum á eftir?  
 Ég geri þá ekki ráð fyrir að ég eigi eftir að pakka þér inn í plast, sprauta á þig þeyttum  
 rjóma og njóta með þér ásta þar til dagur rís

Kinkí kveður þá með brostið hjarta. Verið þið sæl.

(Klappað)

Ég heyri að þið viljið ekki sleppa mér. Já Kinkí er engum líkur. Alltaf hittir hann naglann á höfuðið, slær í gegn. Hafið engar áhyggjur, auðvitað fáið þið aukalag. Það er lag sem kemur úr smíðju mikillar listakonu sem er ljúf og lítillát eins og Kinkí

[Am]I think I [E]did it a[Am]gain

We're [F]more than just friends  
Oh [E]baby!

[Am]It might [E]seem like a [Am]crush  
But it doesn't mean that I'm serious  
'Cause to [F]lose all my [E]senses  
That is [F]just so typically [G]me!  
Oh [E]baby, baby!

**Chorus:**

[Am]Oops!... I [E]did it a[Am]gain  
I [G]played with your [C]heart  
Got [G]lost in the [C]game  
Oh [E]baby baby  
[Am]Oops!... You [E]think I'm in [Am]love  
That I'm [G]sent from a[C]bove  
I'm [E]not that innocent !

[Am]You see my [E]problem is [Am]this  
I'm [E]dreaming a[F]way, wishing that [Am]heroes, they [E]truly e[Am]xist  
I cry, [E]watching the [Am]days  
Can't you see I'm a [F]fool in so many [E]ways  
But to [F]lose all my [E]senses, that is [F]just so typically [G]me, [E]baby, oh!

**Chorus:**

[Am]Oops!... I [E]did it a[Am]gain  
I [G]played with your [C]heart  
Got [G]lost in the [C]game  
Oh [E]baby baby  
[Am]Oops!... You [E]think I'm in [Am]love  
That I'm [G]sent from a[C]bove  
I'm [E]not that innocent !

Kinkí mun nú yfirgefa bygginguna